

Nd. **467. Breytingartillögur** [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist: þó ekki af matvörum.

Varatillaga:

Við greinina bætist: Fjármálaráðherra skal endurgreiða innheimtan söluskatt af:

1. mjólk og mjólkurafurðum, 2. kjötvörum, 3. grænmeti sem framleitt er innan lands.
2. Við 4. gr.
 - a. Á eftir orðinu „loðkanínurækt“ í 13. tölul. komi: garðyrkju.
 - b. Við bætast fjórir nýir liðir er orðist svo:
 23. Aðgangseyri að gufubaðstofum, nuddstofum og ljósastofum.
 24. Aðgangseyri að heilsuræktarstofum.
 25. Aðgangseyri að útisamkomum.
 26. Aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum.

Varatillaga (26. liður):

Við 4. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Fjármálaráðherra skal endurgreiða í Kvikmyndasjóð þann söluskatt sem lagður er á aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum.